



Hreppsnefnd 27.01.05

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 27. jan. 2005
- kl. 15.20 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Emil Sigurjónsson, Ólafur Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Bragi Vagnsson, Steindór Sveinsson og Björn Halldórsson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 13. janúar sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 13. janúar sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps, stofnanana og fyrirtækja fyrir árið 2005. -Fyrri umræða-

Oddviti opnaði umræðuna en gaf síðan sveitarstjóra orðið. Hann lagði fram frumvarp að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps aðalsjóðs, A-hluta og B-hluta sjóða fyrir árið 2005 þ.e.a.s. rekstraryfirlit sveitarsjóðs A- og B-hluta sjóða ásamt yfirliti um sjóðstreymi fyrir alla sjóðina.

Jafnframt var lagt fram yfirlit yfir fyrirhugaðar framkvæmdir í hinum mismunandi sjóðum Vopnafjarðarhrepps. Sveitarstjóri greindi síðan frá helstu verðslagsforsendum sem notast var við við vinnslu fjárhagsáætlunar 2005 fyrir Vopnafjarðarhrepp og stofnanir.

Samkvæmt áætluðu rekstraryfirliti Sveitarsjóðs og stofnana kemur fram að heildartekjur aðalsjóðs eru 283,4 m.kr. og heildargjöld 262,1 m.kr. Laun eru alls áætluð 156,4 m.kr., vöru og þjónustukaup 72,2 m.kr. og styrkir og framlög 22,2 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til innri viðskipta. Rekstrarafgangur aðalsjóðs miðað við þetta er 21,3 m.kr.

Helstu framkvæmdir sem áætlað er að ráðast í eru uppgjör á verksamningi um lagfæringu á Kaupvangi og jafnframt er fyrirhugað að koma upp eldhúsbúnaði og kaupa inn búnað, borð og stóla. Áætlað er að 15 m.kr. gangi til þessa. Þá er áætlað að verja 6,5 m. kr. til þess að ljúka aðalskipulagsvinnu og hefja lagfæringar á miðbæjarsvæði framan við Kaupvang. Áfram skal haldið í lagningu gangstétta og kannta. Jafnframt er fyrirhugað að leggja bundið slitlag frá nýju löndunarbryggjunni neðan Kaupvangs og upp að hinu nýja miðsvæði, sem fyrirhugað er að gera skv. skipulagi. Kaupa á nýtt húsnæði fyrir áhaldahús sveitarfélagsins að Búðaröxl og byggja á sparkvöll í samvinnu við KSÍ á skólalóðinni. Hyggja þarf að því hvernig best verður staðið að því að tryggja það að ávallt sé nægjanlegt gott vatn í vatnsveitu Vopnafjarðarhrepps. Þá verður haldið áfram með næsta áfanga í fráveitukerfi Vopnafjarðarhrepps en á liðnum árum hefur verið unnið að lagfæringu fráveitukerfisins í samræmi við heildarúttekt á því hvernig þessum lögnum verður komið fyrir til framtíðar, en skv. henni á allt skólþ að fara út til sjávar við svokallað Kolaport eftir að hafa farið í gegnum þar til gerðan síunarbúnað, sem verður settur upp á því svæði í framtíðinni.

Áætlun hafnarsjóðs gerir ráð fyrir því að ráðist verði í gerð á nýrri viðlegu og dýpkunarframkvæmdir tilheyrandi því. Miðað er við að gerð verði um 108 m löng viðlega milli Löndunarbryggju og Miðbryggju með 9 m dýpi á stórsraumsfjöru. Ráðgert er að mögulegt verði að bjóða þetta verk út á vormánuðum. Alls er ráðgert að kostnaður við þann áfanga sem ráðist verður í á árinu 2005 sé 121,6 m.kr. og verkinu verði að fullu lokið árið 2006, en þá er fyrirhugað að verja 50 m.kr. til verksins.

Áfram verður unnið að því að ljúka framkvæmdum við hótelið skv. verksamningi sem um það verk hefur verið gerður. Ráðgert er að kostnaður við þann verkáfanga sem efir er verði um 15 m.kr.

Að lokinni yfirreið sveitarstjóra gaf oddviti nefndarmönnum orðið. Gerð var að umtalsefni sú ákvörðun Sláturfélags Vopnafirðinga að efla sláturhúsið á Vopnafirði, með tilteknum breytingum, en skv. innlendum kröfum myndu breytingar kalla á um 30 mkr. kostnað. Fram komu hugmyndir um að að Vopnafjarðarhreppur kæmi að verkefninu með hlutafjárframlagi. Tóku nefndarmenn almennt jákvætt í hugmyndina.

Vakin var athygli á að ekki hefði orðið úr uppbyggingu sumarhúsabyggðar á Þorbrandsstöðum, en fram kom almennur vilji nefndarmanna um að þau mál verði skoðuð til hlýtar.

Sveitarstjóri lagði síðan til að fyrirbyggjandi tillögum að fjárhagsáætlunum sveitarsjóðs og stofnana Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2005 yrði vísað til síðari umræðu.

Var það samþykkt samhljóða.

3. mál. Álagningarreglur fasteignagjalda 2005.

Sveitarstjóri lagði fram svofellða tillögu um álagningu fasteignagjalda og tengdra gjalda árið 2005 á Vopnafirði:

I. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að fasteignagjöld fyrir árið 2005 verði lögð á sem hér segir:

a) Fasteignaskattur á :

- 1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir. 0,4 % af heildarfasteignamati
- 2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. 1,65 % af heildarfasteignamati

b) Vatnsgjald og holræsagjald:

1. Vatnsgjald nemi 0,28 % af fasteignamati húss.

Aukavatnsgjald skv. mæli verði kr. 18 fyrir hvern rúmmetra vatns.

2. Holræsagjald nemi 0,15 % af heildarfasteignamati.

c) Lóðarleiga

Lóðarleiga verði 2,0 % af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

Gjalddagar fasteignagjalda 2005 verði 1. feb, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september. Eindagi verði 30 dögum síðar.

Athugið! Ef fjárhæðir til innheimtu eru lágar er þeim ekki dreift á átta gjaldaga, heldur færri.

Hreppsnefnd heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt Elli- og Örkulífeyrisþega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2004 skv. skattframtali 2005:

a) Einstaklingar

Brúttótekjur 2004 allt að kr. 1.554.570 100% niðurfelling

Brúttótekjur 2004 allt að kr. 2.153.835 50 % niðurfelling

b) Hjón:

Brúttótekjur 2004 allt að kr. 2.303.910 100 % niðurfelling

Brúttótekjur 2004 allt að kr. 2.566.800 50 % niðurfelling

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna (hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli árána 2004 og 2005 hefur hreppsnefnd heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt.

Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla öorku.

Falli aðstæður ekki undir þær reglur sem að framan greinir skal hreppsnefnd ákveða um lækkun eða niðurfellingu.

II. Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir á grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla 22. gr., að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2005. Gjaldið skal vera kr. 8.000 á íbúð. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.”

Mikil umræða fór fram um fyrirliggjandi tillögu. Fram kom tillaga frá Birni Halldórssyni um að álagning fasteignaskatts á íbúðarhúnæði yrði hækkaður úr 0,4 % í 0.43% af heildarfasteignamati. Síðan var gengið til atkvæða um fyrirliggjandi tillögu Björns og var hún felld með 5 gegn 2. Því næst var gengið til atkvæða um fyrirliggjandi tillögu sveitarstjóra um álagningu fasteignagjalda og tengdra gjalda í heild sinni. Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30